

**84. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
24. maí 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Þór Þórðarson varamaður, Björn Guðmundsson varamaður, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1805092 - Kirkjubraut 39 - fyrirspurn um byggingu hótels

Fyrirspurn f.h. Uppbyggingar ehf. til skipulags- og umhverfisráðs um byggingu hótels á lóðinni við Kirkjubraut 39.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í hugmyndir um hótélbyggingu á lóð við Kirkjubraut nr 39.

2. 1805097 - Sigurfari - umsókn um stöðuleyfi

Beiðni Sigurfara, siglingafélags Akraness um stöðuleyfi á uppfyllingu austan við Faxabryggju fyrir 2 gáma.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið er varðar stöðuleyfi og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram í samræmi við reglur um stöðuleyfi.

3. 1805105 - Baugalundur 2 - fyrirspurn um breytingu

Fyrirspurn um heimild til að færa bundna byggingarlínu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði samkvæmt 2.mgr. 43. gr. sbr 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt verði fyrir eigendum Baugalundi nr 1 og 4, Akralundi 6 og Blómalundir nr. 1 og 3.

4. 1804231 - Deilisk. Sementsreit - strompur

Niðurrif á strompi.

Skipulags- og umhverfisráð fór yfir skipulagsgögn er varðar þá breytingu að fella niður sementsstrompinn. Sviðsstjóra er falið að auglýsa kynningarfund þar sem breytingin verður kynnt.

5. 1804162 - Skógræktarfélag Akraness 2018 - styrkir og land til skógræktar

Fjárhags- og verkáætlun frá Skógræktarfélagi Akraness kynnt.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og leggur til við bæjarráð að gerður verði samstarfs- og framkvæmdasamningur við Skógræktarfélag Akraness til lengri tíma.

6. 1805134 - Grenndarstöð Dalbraut - við Fjöliðjuna

Hugmyndir að nýrri grenndarstöð á Dalbraut við Fjöliðjuna.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar kynninguna og felur umhverfisstjóra að vinna áfram að málinu.

7. 1711030 - Útileikvöllur fyrir fullorðna (íþróttir fyrir fullorðna)

Tillaga að "útileikvelli" fyrir fullorðna

Skipulags- og umhverfissráð þakkar kynninguna og fagnar fyrirliggjandi hugmynd og vísar málinu til endanlegrar afgreiðslu í bæjarráði.

8. 1803074 - Ærslabelgur - kynning

Tillaga að staðsetningu fyrir ærslabelg

Skipulags- og umhverfissráð þakkar kynninguna og felur umhverfisstjóra að vinna áfram að framgangi verkefnisins.

9. 1712075 - Lóðaleigusamningar - 2018

Eftirfarandi samningar féllu úr gildi árið 2017: Garðabraut 35, Garðabraut 33, Garðabraut 27, Garðabraut 25, Esjubraut 43, Esjubraut 15, Garðabraut 4-6, Heiðarbraut 31, Sandabraut 2 og Garðabraut 43.

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðaleigusamninga með gildistíma til 2017.

Skipulags- og umhverfissráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun ofangreindra samninga.

10. 1805022 - Vogabraut 48 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Beiðni eiganda um endurnýjun lóðarleigusamnings.

Skipulags- og umhverfissráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum lóðarleigusamningi.

11. 1804245 - Umsókn um stöðuleyfi - söluvagn við Stillholt 16-18

Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram í samræmi við reglur um stöðuleyfi.

12. 1804081 - Umsókn um stöðuleyfi - söluvagn á Breið

Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram í samræmi við reglur um stöðuleyfi.

13. 1803185 - Vitastígur á Breiðinni

Kynntar hugmyndir vegna fyrirhugaðs útboðs á gerð svokallaðs "vitastígs" niðrá Breið, samkv. hönnun.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar kynninguna og felur skipulags- og umhverfissviði að vinna áfram að framgangi verkefnisins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.

*Einar Brandsson
Sveinur Þór Þorvaldsson
Keritús Jónsdóttir
Björn Guðmundsson
Ólafur Sigurðsson
Stefn P. Steindóttir
Sindri Þorgeirsson*